



MANNVIT



LEIÐBEININGAR OG ATRÍÐALISTI

ÖRYGGI OG HEILBRIGÐI Á VERKSTAÐ VIÐ ÚTLÖGN BIKBUNDINNA SLITLAGA

VEGAGERÐIN

MARS 2014

HÖFUNDAR:

ANNA JÓNA KJARTANSDÓTTIR, MANNVIT

ÓLÖF KRISTJÁNSDÓTTIR, MANNVIT

VERKEFNI UNNIÐ MEÐ STYRK FRÁ RANNSÓKNARSJÓÐI
VEGAGERÐARINNAR

Öryggi og heilbrigði á verkstað við útlögn bikbundinna slitlaga

Þessar leiðbeiningar eru unnar fyrir verktaka og eftirlitsmenn sem vinna við útlögn bikbundinna slitlaga fyrir Vegagerðina. Leiðbeiningarnar ber að lesa samhliða Umhverfis- og öryggishandbók fyrir verktaka og aðra þjónustuaðila Vegagerðinnar. Leiðbeiningarnar innihalda lágmarkskröfur Vegagerðarinnar til verktaka við útlögn bikbundinna slitlaga til að uppfylla stefnu Vegagerðarinnar í öryggis- og heilbrigðismálum auk þeirra krafna sem löggjafinn setur um framkvæmdir við útlagnir á bikbundnu slitlagi.

Með leiðbeiningunum er atriðalisti sem ætlaður er verktökum og eftirlitsmönnum á verkstað. Leiðbeiningarnar og atriðalisti er unninn í samræmi við íslenska og danska vinnueftirlitið, niðurstöðu úttektar á útlögn bikbundinna slitlagna í þétt- og dreifbýli sumarið 2013 og reynslu starfsmanna Hlaðbæjar-Colas á Íslandi. Vinnan var unnin af sérfræðingum Mannvits á sviði umhverfis og öryggis og sviði samgangna.

Vegagerðin felur verktaka að vinna endanlega öryggis- og heilbrigðisáætlun fyrir verk og senda verkkaupa til samþykktar. Vegagerðin felur verktaka að gegna hlutverki samræmingaraðila á framkvæmdastigi þar sem slíkt á við, sjá leiðbeiningarrit Vinnueftirlitsins nr. 17 varðandi öryggis- og heilbrigðisáætlanir.

1.1 Kröfur til verktaka

Það er markmið Vegagerðarinnar að í verkum á vegum hennar verði hvorki slys á mönnum né umhverfi. Gera skal ráðstafanir sem tryggja að við framkvæmd verksins verði unnt að gæta fyllsta öryggis, góðs aðbúnaðar fyrir starfsfólk og góðra hollustuhátta.

Á verkstað skal í öllu fara eftir íslenskum lögum, reglugerðum og reglum. Auk þess skal verktaki fara að kröfum og tilmælum Vegagerðarinnar er varða öryggis- og vinnuverndarmál.

Um vinnu við útlögn bikbundinna slitlaga gilda lög og reglur um umhverfismál, skipulags- og byggingarlög, vinnuverndarlög, vegalög og umferðarlög ásamt reglum og reglugerðum settum á grundvelli þeirra og er helstu ákvæði að finna í:

- Reglum nr. 547/1996 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð.
- Reglugerð nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum.
- Reglugerð nr. 492/2009 um merkingu og aðrar öryggisráðstafanir vegna framkvæmda á og við veg.
- Leiðbeiningarit Vinnueftirlitsins um öryggis- og heilbrigðisáætlanir (LB 17).
- Reglur um vinnusvæðamerkingar¹.
- Umhverfis- og öryggishandbók fyrir verktaka og aðra þjónustuaðila Vegagerðarinnar.

1.1.1 Öryggis- og heilbrigðisáætlun

Í samræmi við 65. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum ber verktaka að greina og meta áhættu við verkið og einstaka verkþætti þess. Verktaki skal hafa framkvæmt áhættumat starfa og verka og skila til Vegagerðarinnar ásamt öryggis- og heilbrigðisáætlun í samræmi við lög nr. 46/1980 og reglugerð nr. 547/1996. Í áætluninni á meðal annars að lýsa eftirfarandi:

¹ <http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/leidbeiningar-og-stadlar/vinnusvaedamerkingar/>



- Hvernig verktaki hyggst uppfylla þær kröfur sem gerðar eru varðandi öryggis- og heilbrigðismál við framkvæmdina.
- Viðbragðs- og neyðaráætlanir.
- Hvernig verktaki áætlað að:
 - Fyrirbyggja óhöpp, hættutilvik og slys.
 - Tilkynna, skrá og bregðast við óhöppum, hættutilvikum og slysum.
 - Standa að almennri góðri umgengni og flokka og meðhöndla úrgang til að koma í veg fyrir slyshættu og mengunarhættu.

Athygli verktaka er vakin á því að verktaki og undirverktakar skulu vera með kerfisbundið innra vinnuverndarstarf innan eigin fyrirtækja á staðnum í samræmi við íslensk lög og reglur. Verktaki og undirverktakar skulu tilkynna um tengiliði við vinnuverndarstarf eigin fyrirtækja til samræmingaraðila öryggis- og heilbrigðismála og skulu þessir aðilar listaðir upp í öryggis- og heilbrigðisáætlun verkefnis.

Í lok verkefnis ber verktaka að skila inn gæðamöppu sem á meðal annars að innihalda afrit af:

- Heimsóknnum vinnueftirlits og vinnuvélaskoðunum.
- Slysaskráningum.
- Athugasemdum eftirlits.

1.1.2 Öryggisáætlun

Verktaki skal gera ítarlega öryggisáætlun samkvæmt reglugerð nr. 492/2009 og bera hana undir Vegagerðina til samþykkis. Samþykkt eintak öryggisáætlunar skal vera tiltækt á vinnusvæði og hjá lögreglu í viðkomandi lögsagnarumdæmi. Vegagerðin getur ákveðið að gera öryggisáætlunina sjálf og tilkynnir þá verktaka um slíka ákvörðun sérstaklega. Í öryggisáætlun skal meðal annars koma fram hvernig afmarka skuli vinnusvæði, hvernig merkingum á og við svæði skuli háttað og hvort og hvernig skipuleggja skuli hjáleiðir. Ennfremur skal í öryggisáætlun koma fram hvernig kynningu og auglýsingu vegna lokunar vegar verður háttað.

Vegagerðin tilnefnir eftirlitsmann fyrir hvert verk sem hefur eftirlit með að öryggisráðstafanir á og við veg séu í samræmi við öryggisáætlun. Öryggisáætlun samkvæmt reglugerð nr. 492/2009 getur verið hluti af öryggis- og heilbrigðisáætlun samkvæmt reglugerð nr. 547/1996 sem fjallað var um að ofan.

1.1.3 Vinnusvæðamerkingar

Reglur um vinnusvæðamerkingar eru í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 492/2009 þar sem settar eru skýrar reglur um merkingar fyrir almenna umferð í dreifbýli og þéttbýli vegna framkvæmda. Verkkaupi er ábyrgur fyrir öllum reglum um merkingu vinnusvæða og að gerðir séu samningar við verktaka um framkvæmd og útfærslu þeirra. Verktaki ber ábyrgð á allri vinnu varðandi öryggi og vinnustaðamerkingar sem tilgreind er í samningi og á því að starfið sé unnið í samræmi við gildandi lög og reglur.

1.1.4 Viðbragðs- og neyðaráætlanir

Verktaki skal sjá til þess að við upphaf verks liggja fyrir viðbragðs- og neyðaráætlanir og tryggja að öllum starfsmönnum verktaka og undirverktaka sé kunnugt um hvernig bregðast skuli við í neyð. Viðbragðs- og neyðaráætlun skal vera hluti af öryggis- og heilbrigðisáætlun verktaka og sýnileg öllum starfsmönnum. Viðbragðsáætlanir eru háðar samþykki Vegagerðarinnar. Verktaka ber að sjá til þess að viðeigandi búnaður til neyðarhjálp sé til staðar.

Gera skal grein fyrir viðbrögðum við slysum og hættulegum atvikum. Á mynd 1 má sjá viðbragðsferli Vegagerðarinnar.

Á vinnusvæði við útlögn bikbundinna slitlaga skal verktaki vera með til staðar viðeigandi skyndihjálparbúnað. Verktaki ber að kynna fyrir starfsmönnum sínum staðsetningu á sjúkrakassa og slökkvibúnaði og sjá til þess að starfsmenn hafi grunnþekkingu á þeim búnaði. Verktaki skal tryggja að búnaðurinn sé nothæfur.

Gera skal ráðstafanir gagnvart mengunarslysum ef olíu-, tjöru- eða eldsneytislekar koma upp. Sjá má viðeigandi kröfur í umhverfis- og öryggishandbók Vegagerðarinnar. Tilkynna ber Vegagerðinni strax um öll umhverfisóhöpp yfir 50 litrum.

1.1.5 Persónuhlífar

Ekki er alltaf hægt að koma í veg fyrir áhættuþætti og því er notkun viðeigandi persónuhlífa mikilvæg. Verktaki og starfsmenn við vinnu vegna útlagnar bikbundinna slitlaga í námunda við umferð og/eða innan um stórvirk tæki geta átt á hættu að verða fyrir bílum eða tækjabúnaði, einkum ef starfsfólk sést illa. Krafa er um að starfsmenn klæðist viðurkenndum sýnileikafatnaði sem uppfylla flokk 3 í ÍST EN 471:2003.



Mynd 1: Viðbragðsferli vegagerðarinnar.

Samkvæmt reglum nr. 547/1996 um mannvirkjagerð, reglum um merkingar og kröfum Vegagerðarinnar eru gerðar kröfur um að:

- Starfsmenn noti öryggishjálms með hokubandi nema samkomulag náist um annað á grundvelli áhættumats starfa og verka.
- Starfsmenn noti öryggisskó með stálhettu og stálplötu í sóla, en við malbikunarvinnu er æskilegt að starfsmenn noti frekar sérstaka malbiksskó með hitapolnum sóla og fibertá.
- Starfsmenn noti öryggisólar og líflínur þar sem hætta er á falli. Starfsmaður má aldrei vinna einn þar sem hætta er á falli.
- Starfsmenn noti persónuhlífar eftir því sem nauðsynlegt getur talist s.s. öndunargrímur, heyrnarhlífar, hanska, augna- og andlitshlífar.
- Bílstjórar skulu klæðast öryggisfatnaði ef þeir yfirgefa bílinn.

1.1.6 Starfsmannaaðstaða

Vinna við útlögn bikbundinna slitlaga er fjölbreytt og geta verkefni tekið frá nokkrum klukkustundum upp í marga daga. Verktaka ber alltaf að gera ráðstafanir varðandi starfsmanna- og hreinlætisaðstöðu. Ef umfang verkefnis er minna en svo að gerð sé krafa um flytjanlegt starfsmannahúsnæði skal vera aðgengi að salerni í mögulegri göngu- eða aksturfjarlægð. Ef stór vinnuflokkur þarf að nýta sér salernisaðstöðu á vegum einhvers annars en verktakans eða Vegagerðarinnar er mælt til að verktaki hafi samband við viðkomandi aðila fyrirfram. Vinnuhópurinn þarf alltaf að vera með vatn og sápu á staðnum til handþvotta og kælingu brunasára, einnig getur verið gott að hafa tiltæka blautklúta eða hreinsklúta.

Verktaki skal í upphafi verks gera Vegagerðinni grein fyrir hvernig starfsmannaaðstöðu verður háttáð við útlagnarframkvæmd hverju sinni.

Kröfur varðandi starfsmannaaðstöðu er að finna í reglum nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða, reglum nr. 547/1996 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð og reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti.



1.2 Útlögn bikbundinna slitlaga

Framkvæmdir vegna vinnu við útlögn bikbundinna slitlaga geta verið bæði nýframkvæmdir eða viðgerðir á eldra slitlagi. Vinnan fer bæði fram á fjölförnum götum í þéttbýli og á þjóðvegum langt frá byggð. Aðstæður geta verið misjafnar og þarf verktaki að framkvæma sértækt áhættumat fyrir hvert útboðsverk þar sem tekið er tillit til staðbundinna aðstæðna. Helstu þættir sem verktaki þarf að huga að við framkvæmdir vegna útlagnar bikbundinna slitlaga eru umferð, notkun tækja, líkamsbeiting, brunahætta, hávaði og titringur, efnanotkun, sólarljós og streita.

1.2.1 Umferð

Þegar unnið er við útlögn bikbundinna slitlaga í nábýli við umferð eru áhættuþættir varðandi árekstra og slys á fólki. Samkvæmt reglugerð nr. 492/2009 og reglum um vinnusvæðamerkingar frá Vegagerðinni skal verktaki vinna merkingaráætlun og fá hana samþykka áður en framkvæmd hefst. Með því er leitast við að tryggja örugga afmörkun vinnusvæða og draga úr hraða nærliggjandi umferðar til að minnka áhættu vegna árekstra. Verktaki skal vera með kerfisbundið innra eftirlit með merkingum meðan á framkvæmd stendur og skal eftirlitsmaður verktaka hafa sótt og staðist námskeið um vinnustaðamerkingar. Starfsmenn eiga ávallt að vera í viðurkenndum sýnileikafatnaði.

1.2.2 Tæki

Við útlögn á bikbundnu slitlagi eru notuð stór tæki sem geta valdið líkamstjóni eða dauðsfalli. Meðal helstu tækja eru vörubílar, tankbílar, valtarar, malbikunarvélar (útleggjarar), vegheflar, vélsópar/ryksugubílar og þjöppur. Inn á milli tækja eru gangandi starfsmenn í mikilli nálægð við tækin. Áhættuþættir eru meðal annars árekstrarhættur og klemmihættur. Allur búnaðurinn skal vera CE merktur og hluti af því er að allar hlifar, varúðarljós, neyðarstopp og hljóðmerki séu til staðar og í lagi. Tækin skulu vera skoðuð af Vinnueftirlitinu og fá viðhald í samræmi við forskrift framleiðenda með viðhaldsbókum. Stjórnendur skulu hafa réttindi og þjálfun í notkun búnaðarins.

Sérstakur áhættuþáttur eru valtarar sem aka stöðugt að og frá malbikunarvél og við klæðingarútlögn. Í neyðaráætlun skal liggja fyrir hvernig tekið er á óvæntum bilunum sem koma upp í tækjum við framkvæmdir.

1.2.3 Líkamsbeiting

Líkamsbeiting starfsmanna getur verið erfið þegar mól eða malbiki er mokað með skóflum. Slík vinna er unnin til dæmis við að laga jaðra, við kantsteina, þröng svæði, niðurföll, þegar malbikunarvél er færð og þegar tromlur valtara eru skafnar. Einnig getur reynt á líkamsbeitingu við burð á merkingum, gasflöskum og tækjabúnaði.

Mikilvægt er að fræða starfsmenn um réttan líkamsburð og nota léttitæki eins og hægt er til að minnka óhóflega líkamsbeitingu. Gott dæmi um slíkt er að nota bílkrana til að lyfta þjöppum og öðrum búnaði á og af bílpöllum og nota hjólagrindur til að flytja merkingar og gasflöskur.

1.2.4 Brunahætta

Vinna við útlögn bikbundinna slitlaga er að hluta unnin við um 130-170°C hita. Við malbikun hitna allir fletir sem koma þar nálægt eins og malbikunarvél og verkfæri starfsmanna. Vegna hitans er mælt með að starfsmenn við malbikun noti sérstaka malbiksskó sem eru með hitaþolnum sóla og fibertá. Við útlögn klæðingar sprautast allt að 150°C heitt bik af tankbílum og mikilvægt er að vera með þykka hitaþolna hlífðarhanska við vinnu nálægt því.



Heitir fletir er áhættuþáttur og geta þeir valdið brunasárnum ef starfsmenn eru óvarðir þegar þeir snerta heita fleti. Einnig er áhætta af notkun kósangass þegar unnið er við handvirka upphitun við malbiksjaðra eða annað sambærilegt. Gera þarf ráð fyrir viðbrögðum vegna bruna og skal vinnusvæði vera með aðgengi að vatni til kælingar. Mikilvægt er að hefja kælingu fljótt eftir bruna og fylgja öryggisleiðbeiningum samkvæmt öryggisblöðum. Æskilegt getur verið að skilja bik og brenndan fatnað eftir á brunastaðnum en eftirláta skal lækni ákvörðun um hvernig það verði fjarlægð.

1.2.5 Hávaði

Hávaði veldur heyrnartjóni ef menn verða fyrir of miklu álagi. Vinnuveitandi skal útvega heyrnarhlífar ef hávaði er yfir 80 dB(A) og starfsmönnum er skylt að nota heyrnarhlífar ef hávaði fer yfir 85 dB(A), miðað við 8 klukkustunda vinnudag undir slíku álagi. Í áhættumati starfa er mikilvægt að tekið sé á hávaða við malbikunarvélar og hann metinn samanber reglugerð nr. 921/2006. Taka skal fram viðeigandi ráðstafanir til að tryggja öryggi og heilsu starfsmanna. Mikilvægt er að verktaki fræði starfsmenn um skaðsemi hávaða, vakti hávaða og tryggi starfsmönnum viðeigandi heyrnarhlífar ásamt því að setja upp viðeigandi viðvörumerki.

Verktaka ber að hafa í huga að velja sem hljóðlátust tæki og skipuleggja vinnu þannig að sem fæstir verði fyrir hávaðaálagi. Hvetja ætti starfsmenn til að nota heyrnarhlífar því auk áhættu af heyrnartjóni vegna hávaðasamra tækja og umferðanið þá veldur hávaði þreytu og dregur úr árvekni. Bent er á að til eru heyrnarhlífar sem minnka vélarhávaða en ekki umhverfishljóð, td. viðvörunarhljóð frá vélum eða tal manna. Heyrnahlífar með útvarpi eða hátölurum eru ekki æskilegar í þessu vinnuumhverfi.

1.2.6 Titringur

Við notkun vélbúnaðar og titrandi handverkfæra verða starfsmenn fyrir vélrænum titringi. Vélrænn titringur hefur í för með sér áhættu fyrir heilsu og öryggi starfsmanna þegar hann færir yfir í hendur og handleggj annars vegar og allan líkamann hinsvegar. Slíkt getur haft slæmar afleiðingar er varðar æðar, bein eða liði, tauga- eða vöðvasjúkdóma og álagseinkenni í neðri hluta hryggjarins og mænuskaða.

Viðmiðunar- og viðbragðsmörk eru gefin í reglugerð nr. 922/2006 um varnir gegn álagi vegna vélræns titrings á vinnustöðum. Verktökum er ráðlagt að velja búnað með tilliti til titrings og athuga að stýrishús véla eiga að vera hönnuð þannig að vélrænn titringur hafi sem minnst áhrif. Sem dæmi um hentugt verklag við útlögn bikbundinna slitlaga má nefna notkun á fjarstýrðum þjöppum.

1.2.7 Efnahættur

Meðal varasamra efna sem notuð eru við vinnu við útlögn bikbundinna slitlaga eru white spirit (terpentína), umferðarmálning, viðloðunarefni og gróðureyðingarefni. Ætlast er til að verktaki vinni skipulega og skrái kerfisbundið öll merkingarskyld efni sem notuð eru í tengslum við framkvæmdina. Verktaki ætti ávallt að velja hættuminnstu efnin sem völ er á. Verktakinn skal tryggja að öryggisblöð séu til staðar fyrir öll merkingarskyld efni og áhættumeta vinnu með þau meðal annars með tilliti til magns efnanna og notkunarstyrks.

Reykur og uppgufun efna er áhættuþáttur við vinnu vegna útlagnar á bikbundnum slitlögum og skal verktaki eftir bestu getu lágmarka þá mengun sem starfsmenn geta orðið fyrir. Þetta getur náðst með því að vinna með vindinn í bakið og með notkun á andlitsgrímum. Skóflur og verkfæri ætti að hreinsa með lífrænni olíu.



Áhættumeta skal vinnu við útlögn bikbundinna slitlaga í jarðgöngum eða öðrum lokuðum rýmum sérstaklega og velja viðeigandi ráðstafanir með tilliti til heilsu og öryggis starfsmanna. Slíkt áhættumat á meðal annars að taka til innilofts og hættu á fallandi hlutum.

Ætíð ætti að forðast húðsnertingu við heitt bik eða bikblöndur, fljótandi efni eins og bikpeytu og vörur sem innihalda lífræn leysiefni. Snerting getur valdið eitrunum, ofnæmi, eksemi, hósta, ógleði og sviða í augum ef unnið er í bikreyk. Ofnæmi fyrir vörum getur aukist mikið hafi menn fengið ofnæmi á annað borð.

Vinnu við útlögn bikbundinna slitlaga getur fylgt ryk og svifryk, frá nærliggjandi umferð og steinefnum í klæðingu og eiga starfsmenn að hafa aðgengi að viðeigandi andlitsgrímum. Verktaka ber að láta starfsmönnum í té hlífðarfatnað og sjá um öll þrif á honum. Starfsmannaöstaða þarf að taka mið af því að halda vinnufatnaði aðskilydum frá einkafatnaði samanber kröfur að ofan. Einnig er gott að hafa í huga að hafa poka tiltæka í starfsmannabílum til að aðskilja einkafatnað frá vinnufatnaði.

1.2.8 Sólarljós

Sólarljósið léttir lund og gefur D-vítamín, en útfjólubláir geislar sólarinnar (UV-geislar) eru skaðlegir fyrir húðina í of miklu magni. Ósýnilegu geislarnir auka hættuna á húðkrabbameini, gera húðina grófari og auka öldrun húðarinnar. Ef starfsmenn fara úr hlífðarfötum í sólinni er aukin hættu á sólbruna auk áðurnefndra varasamari áhrifa af sólarljósinu. Einnig vill sýnileikafatnaður oft gleymast. Einstaka starfsmenn við vinnu við útlögn bikbundinna slitlaga, til dæmis ökumenn malbikunarvéla og valtara, kunna að verða fyrir sérstaklega miklu álagi vegna sólar. Gera þarf starfsmönnum grein fyrir áhættu af of miklu sólarálagi og hvetja starfsmenn til að nota sólarvörn þegar þörf er á.

1.2.9 Streita

Streita er eitt útbreiddasta vinnuverndarvandamálið í samtímanum og getur haft áhrif á marga vegu, meðal annars ýtt undir slysatíðni. Við útlögn bikbundinna slitlaga eru margir þættir sem geta stuðlað að aukinni streitu ef þeim er ekki stýrt markvisst. Hér má nefna almennar öryggisráðstafanir, samskipti við vegfarendur, næga upplýsingamiðlun og að komið sé í veg fyrir einhæfa vinnu.

Hafa skal í huga skipulag vinnutíma og kafla IX í lögum nr. 46/1980 um hvíldartíma, frídaga og hámarksvinnutíma.

kipulag vinnu og óheilbrigður vinnuandi getur haft slæm áhrif á starfsmenn og vinnustaðinn. Dæmi um slíkt getur verið andleg þreyta, örmögnun, félagsleg einangrun og líkamleg þreyta. Streita og álag í vinnu eru orsök fjölda heilbrigðisvandamála sem geta leitt til aukins kostnaðar fyrir vinnuveitanda, starfsmenn og samfélagið. Langvarandi streita getur aukið líkur á fjarveru starfsmanna, skertum afköstum, verri gæðum og perringi í samskiptum auk þess sem meiri hættu verður á mistökum og slysum.

1.3 Eftirlitsmenn Vegagerðarinnar

Hlutverk eftirlitsmanna Vegagerðarinnar er samkvæmt verklagsreglum Vegagerðarinnar. Helstu áherslur eru á framkvæmdir með tilliti til bæði gæðamála og öryggis- og vinnuverndar.

Þeir þættir sem eftirlitsmaður hefur í huga varðandi öryggis- og vinnuverndarmál við útlögn bikbundinna slitlaga má sjá í atriðalistanum hér á eftir.



Atriðalisti

Verkstaður: _____

Útboðsverk: _____

Framkvæmdaraðili: _____

Dagsetning: _____

2.1 Öryggis- og heilbrigðisáætlun

| | Já | Nei | Á ekki við | Athugasemd |
|--|--------------------------|--------------------------|--------------------------|------------|
| Hefur verktaki útbúið öryggis- og heilbrigðisáætlun? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | |
| Er öryggis- og heilbrigðisáætlunin hluti af gæðamöppu útboðsverks? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | |
| Hefur verktaki framkvæmt áhættumat starfa? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | |
| Hefur verktaki framkvæmt áhættumat útboðsverks? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | |
| Er listi yfir áhættupætti og öryggisráðstafanir verktaka aðgengilegur? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | |
| Er öryggis- og vinnuverndarfulltrúi verktaka á vinnusvæðinu? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | |
| Hafa öryggis- og vinnuverndarfulltrúar sótt vinnuverndarnámskeið? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | |
| Eru fleiri en einn verktaki á vinnusvæðinu? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | |
| Ef já, er samræmingaraðili öryggis- og heilbrigðismála á verkstað? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | |
| Hefur samræmingaraðili öryggis- og heilbrigðismála verið tilkynntur til Vinnueftirlitsins? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | |
| Hefur aðalverktaki gert undirverktökum grein fyrir skyldum þeirra varðandi öryggi og heilbrigði við verkið? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | |
| Hefur aðalverktaki upplýst undirverktaka um áhættur í vinnuumhverfinu og að fylgja skuli öryggisreglum sem gilda á vinnustaðnum? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | |



| | | | | |
|--|--------------------------|--------------------------|--------------------------|-------------------|
| Tilnefna undirverktakar tengiliði við samræmingaraðila? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | |
| | Já | Nei | Á ekki við | Athugasemd |
| Eru vinnuslys tilkynnt? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | |
| Heldur verktaki utanum öll slys, óhöpp og hættuleg atvik? eru þau skráð og greind? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | |
| Fá starfsmenn verktaka skipulagða fræðslu og þjálfun varðandi vinnuvernd og öryggi? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | |
| Hefur verktaki kynnt viðbragðs- og neyðaráætlanir í verkinu, td. með veggspjöldum? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | |
| Er sérstaklega hugað að ungum starfsmönnum? (undir 18 ára aldri) | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | |
| 2.2 Líkamlegt álag | | | | |
| Hefur verktaki framkvæmt hávaðamælingar á tækjum og notkun þeirra? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | |
| Er tekið á titring og vörnum gegn þeim í áhættumati verktaka? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | |
| Er aðgengi að vélum og tækjum fullnægjandi? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | |
| Er líkamsbeiting erfið á vinnusvæðinu? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | |
| Eru persónuhlífar sem notaðar eru CE merktar? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | |
| Er eftirfarandi notað og til staðar á vinnusvæðinu? | | | | |
| Öryggishjálmur | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | |
| Öryggisskór | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | |
| Öryggisstígvél | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | |
| Hlífðargleraugu | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | |
| Andlitshlífar | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | |
| Hlífðarfatnaður | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | |
| Endurskinsfatnaður | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | |
| Hlífðarhanskar/vettlingar | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | |
| Heyrnarhlífar - eyrnatappar | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | |
| Eru starfsmenn verktaka sem nota ekki heyrnarhlífar þrátt fyrir að hávaði sé mikill? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | |
| Eru heyrnarhlífar með útvarpi leyfðar á verkstað? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | |
| Er tími starfsmanna verktaka í hávaðasamri vinnu takmarkaður með reglubundinni hvíld frá þeirri vinnu? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | |



2.3 Efnanotkun

| | Já | Nei | Á ekki við | Athugasemd |
|---|--------------------------|--------------------------|--------------------------|------------|
| Eru öryggisblöð til staðar fyrir öll varasöm efni sem notuð eru á verkstað? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | |
| Er þörf á augnskolunarbúnaði og/eða neyðarsturtu samkvæmt öryggisblöðum? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | |
| Ef já, er slíkt til staðar? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | |
| Eru tilvik um að starfsmenn verktaka fylgi ekki notendaleiðbeiningum við notkun efna? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | |
| Hefur verktaki skoðað hvort hægt sé að skipta varasömum efnum út fyrir hættuminni efni? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | |

2.4 Vélar og tæki

| | | | | |
|--|--------------------------|--------------------------|--------------------------|--|
| Heldur verktaki utan um réttindi starfsmanna til að nota og stjórna vélum og tækjum? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | |
| Eru starfsmenn sem nota tæki án þess að hafa réttindi til þess? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | |
| Er neyðarstoppbúnaður á vélum og tækjum sem notuð er í verkinu? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | |
| Er búnaður á svæðinu sem ekki er skoðaður reglulega? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | |
| Eru vinnuvélaréttindi erlendra starfsmanna staðfest af Vinnueftirlitinu? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | |
| Skráir verktaki þjálfun starfsmanna á vélar og tæki? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | |
| Eru allar vinnuvélar með skoðun? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | |
| Eru varúðarmerkingar á og við vélar og tæki? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | |
| Eru allar vélar innfluttar eftir árið 1997 CE merktar? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | |
| Kaupir verktaki markvisst hljóðlátustu vélarnar á markaðnum? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | |
| Eru vélar og tæki með viðvörðunarljós? (Gul og blikkandi) | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | |
| Eru bakkvarnir á vélum og tækjum á vinnusvæðinu? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | |



2.5 Viðbragðsáætlanir

| Eru neyðaráætlanir til staðar? Vegna: | Já | Nei | Á ekki við | Athugasemd |
|---|--------------------------|--------------------------|--------------------------|------------|
| Eldsvoða | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | |
| Slysa | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | |
| Jarðskjálfta | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | |
| Aurskriðu | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | |
| Vinna starfsmenn einir? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | |
| Er slökkvitæki/búnaður á vinnusvæðinu? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | |
| Er sjúkrakassi til staðar á vinnusvæðinu? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | |
| Er aðkoma sjúkra- og slökkvibíla möguleg? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | |

2.6 Öryggi og vellíðan starfsmanna

| | | | | |
|---|--------------------------|--------------------------|--------------------------|--|
| Er vinnusvæði girt af? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | |
| Eru varnir á vinnusvæði fyrir starfsmenn verktaka vegna umferðar? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | |
| Eru umferðamerki á vinnusvæðinu í samræmi við reglur Vegagerðar, lögreglu og öryggisáætlun? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | |
| Eru hraðatakmarkanir á vinnusvæðinu? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | |
| Eru salerni á vinnusvæðinu? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | |
| Er vatn og sápa, fyrir starfsmenn til að þrifa hendur og andlit? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | |
| Er starfsmannaaðstaða fyrir hádegismat og kaffihlé? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | |
| Tryggir verktaki að verkfæri, hlutir, rusl eða annað sé ekki í umferðarleið? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | |
| Er verktaki með stefnu og viðbragðsáætlun vegna eineltis/ofbeldis (sbr. Reglugerð nr. 1000/2004)? | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | |